



Skorradalshreppur
Mófellsstaðakoti
311 Borgarnesi

Dagsetning **31. maí 2024**
Málsnúmer IRN23120050

Samkvæmt 4. gr. a sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. X bráðabirgðaákvæði laganna, bar sveitarstjórnnum sveitarfélaga með færri íbúa en 250 að vinna álit um stöðu og getu sveitarfélaganna til að sinna lögbundnum verkefnum og kosti sameiningar við annað eða önnur sveitarfélög innan árs frá sveitarstjórnarkosningum þann 14. maí 2022.

Á grundvelli ákvæðisins hefur sveitarfélagið sent ráðuneytinu álit sitt til umsagnar sbr. 4. mgr. 4. gr. a sveitarstjórnarlaga. Í kjölfarið kynnti ráðuneytið sveitarfélaginu umsögn sína um álitnið ásamt því að birta hana á vefsíðu ráðuneytisins þann 13. nóvember sl.

Í framhaldi af því eiga sveitarstjórnir í samræmi við ofangreind lög að kynna íbúum sveitarfélagsins álit sitt um stöðu sveitarfélagsins ásamt umsögn ráðuneytisins með fullnægjandi hætti. Að því loknu ber sveitarstjórn að taka ákvörðun um hvort hefja eigi sameiningarviðræður á grundvelli 119. sveitarstjórnarlaga með því að efna til tveggja umræðna um málið skv. 1. mgr. 18. gr. laganna. Hafni sveitarstjórnin því að hefja sameiningarviðræður geta 10% íbúa eða fleiri farið fram á atkvæðagreiðslu um ákvörðunina sbr. 4. og 5. mgr. 4. gr. a sveitarstjórnarlaga.

Með vísan til ofangreinds og á grundvelli 113. gr. sveitarstjórnarlaga, óskar ráðuneytið eftir því að sveitarfélagið upplýsi ráðuneytið eigi síðar en 1. júlí nk., um eftirfarandi atriði:

1. Hvernig álit sveitarfélagsins og umsögn ráðuneytisins var kynnt íbúum sveitarfélagsins.
2. Hvort sveitarstjórn hafi tekið ákvörðun um hvort hefja eigi sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Ef við á, hvort og hvernig sveitarfélagið kynnti íbúum ákvörðun sína um að hafna því að hefja sameiningarviðræður og að 10% íbúar eða fleiri geti farið fram á atkvæðagreiðslu um ákvörðunina.
4. Ef við á, hvort að íbúar sveitarfélagsins hafi farið fram á atkvæðagreiðslu um ákvörðun sveitarstjórnar um að hafna því að hefja sameiningarviðræður.
5. Hvort sveitarfélagið hafi eða muni fylgja eftir áliti sínu og umsögn ráðuneytisins með öðrum hætti innan sveitarfélagsins.

Að fengnum upplýsingum sveitarfélagsins mun ráðuneytið leggja mat á hvort tilefni sé til þess að taka stjórnýslu sveitarfélagsins til formlegrar umfjöllunar á grundvelli eftirlitshlutverks ráðuneytisins með stjórnýslu sveitarfélaga sbr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga.



Svandís Svavarsdóttir



Aðalsteinn Þorsteinsson